

## Fundargerð

### 124. stjórnarfundur FHA haldinn 15. apríl 2021 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Auðbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Helgi Freyr Hafþórsson, Margrét Elísabet, Sigríður Sía Jónsdóttir og Stefán Guðnason.

#### Dagskrá:

##### 1. Fulltrúar á aðalfundi BHM og kjör formanns BHM

Rætt var um framboð til formanns BHM og voru fundarmenn á því að FHA myndi nýta atkvæðisrétt sinn til að kjósa annan aðilann sem öllum leist betur á. Ákveðið var að Hjördís, Guðmundur og Auðbjörg yrðu fulltrúar FHA á aðalfundi BHM og tóku þar með að sér að kjósa viðkomandi frambjóðanda fyrir aðalfundinn.

##### 2. Aðalfundur FHA og lagabreytingar

Samþykkt var að halda aðalfund FHA þann 19. maí kl. 15:00 á Zoom. Guðmundur og Helgi tóku að sér að setja upp og sjá um rafrænan aðalfund og þá kosningu sem fara þarf fram þar. Formanni var falið að senda út tillögu stjórnar að breyta 3. gr. laganna um menntunarkröfur félagsmanna. Tillaga stjórnar er að breyta 3. gr. í: „Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri geta orðið starfsmenn Háskólans á Akureyri, tengdra stofnana og samstarfstofnana sem hafa lokið háskólaprófi frá viðurkenndum háskóla.

##### 3. Vinnumatssjóður FHA

Samninganefnd FHA upplýsti stjórnarmenn að loksins hafi komið gögn frá yfirstjórn HA um Vinnumatssjóðinn. Þessi gögn sýna að framlag HA í Vinnumatssjóðinn hefur hlutfallslega lækkað verulega sem hlutfall af meðaldagvinnulaunum félagsmanna. Skilningur félagsins er að leggja beri 12,5% af dagvinnulaunum félagsmanna í Vinnumatssjóðinn samkvæmt samkomulagi sem gert var árið 2006 þar sem undirritað var að Vinnumatssjóður FHA yrði sambærilegur og hjá öðrum opinberum háskólum. Þá var þetta hlutfall 12,5 af dagvinnulaunum hjá bæði FH og Félagi prófessora. Í samningunum 2013 var Vinnumatssjóðurinn ræddur en skrifað undir samkomulag að um óbreytt fyrirkomulag yrði að ræða á samningstímanum og ef gera ætti breytingar þá yrði það með bókun eða breytingu á stofnanasamningi. Engin bókun eða breyting hefur verið gerð á Vinnumatssjóðnum í stofnanasamningi síðan þá og því er það skilningur okkar að hann sé óbreyttur, þ.e. 12,5% af dagvinnulaunum FHA. Samkvæmt excel skjaldi sem fulltrúar HA í samstarfsnefnd lögðu fram kemur í ljós að þetta hlutfall hefur lækkað markvisst frá árinu 2015 og hefur verið um 7-8% síðustu ár. Þetta er alltof mikil lækkun að mati stjórnarmanna, án samráðs og vitneskju félagsins og þar að leiðandi mjög alvarlegt mál enda verulega vegið að starfskjörum félagsmanna. Ákveðið var að leita álits hjá lögfræðingi BHM hvort þetta sé lögleg. Einnig var ákveðið að halda opinn félagsfund og upplýsa félagsmenn um þessa staðreynd. Ákveðið var að félagsfundurinn yrði haldinn 21. apríl kl. 12 á Teams.

##### 4. Önnur mál

Rætt um valnefnd inn á deildum og einingum. Ákveðið að senda hugleiðingar til nefndar í nafni FHA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50  
Stefán Guðnason